

Lagning ljósleiðarastrengs frá Þorlákshöfn í Landeyjasandi yfir Þjórsá og Hólsá

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 4. febrúar 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Ljósleiðaranum ehf. um lagningu ljósleiðarastrengs frá Þorlákshöfn í Landeyjasand yfir Þjórsá og Hólsá, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.16 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Flóahrepps, Rangárþings eystra og Rangárþings ytra.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Lagning ljósleiðarastrengs frá Þorlákshöfn í Landeyjasand yfir Þjórsá og Hólsá. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. Ljósleiðarinn ehf. – Verkís. Febrúar 2022.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Flóahreppi 10. febrúar 2022, Rangárþingi eystra 21. febrúar 2022 og Rangárþingi ytra 8. febrúar 2022.

Með gögnum framkvæmdaraðila fylgdi umsögn frá Hafrannsóknastofnun og Fiskistofu. Þá leitaði framkvæmdaraðili umsagnar Minjastofnunar Íslands sem barst 8. mars 2022.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í lagningu ljósleiðarastrengs frá Þorlákshöfn í Landeyjasand. Tengingin liggur frá sæstreng Farice í Þorlákshöfn og er markmiðið að efla öryggi ljósleiðaralagna í landinu. Framkvæmdin er innan þriggja sveitarfélaga: Flóahrepps, Rangárþings eystra og Rangárþings ytra. Strengurinn er 14 mm ljósleiðarastrengur með styrktri kápu. Strenginn þarf að plægja á um 4 km kafla undir Þjórsá í landi Fljótshóla 2 og 3 yfir í land Háfs, og yfir Hólsá til móts við Tobbakot í Þykkvabæ. Þvera á árnar á fyrri hluta árs 2022 þegar rennsli í ánum er lítið og áhrif framkvæmdarinnar á lífríki í lágmarki, framkvæmdatími er áætlaður tveir dagar. Ekkert rafmagn á að leggja í árnar. Plægja þarf strenginn niður á um eins metra dýpi með ýtu. Grafa fer á eftir til þess að þrýsta létt á botninn og loka plógsári ef þörf er á. Aðra hluta strengsins á að leggja víðast hvar meðfram vegum, á veghelgunarsvæðum. Þar sem strengurinn á að þvera Ölfusá mun hann liggja um Ölfusárbrú.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Ljósleiðarans ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

Selir og Fuglalíf

Í greinargerð Ljósleiðarans ehf. kemur fram að sellátur séu við ósa Þjórsár og upp eftir ánni, þar sem selir liggja á þurru, svæðið er tilnefnt á B-hluta náttúruminjasrár. Fyrirhuguð framkvæmd liggja



innan svæðisins og verði lögð áhersla á að hún fari fram utan þess tíma sem selir dvelja á látri. Landselir leiti í látur í apríl til maí og halda þar til fram eftir hausti með hléum. Hávaði og önnur truflun vegna umferðar vinnuvéla geti haft neikvæð áhrif á dýralífið á svæðinu, seli og fugla. Þjórsá og Hólsá liggja um Suðurlandsundirlendið sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði á grundvelli votlendissvæða. Varptími fugla sé á svipuðum tíma og látur selanna, þó sumir verpi fyrr. Fyrirhugaðar framkvæmdir fari fram utan þessa viðkvæma tíma og eigi því að hafa óveruleg áhrif á seli og fugla, að auki taki framkvæmdin stuttan tíma, einungis um einn dag í hvorri á fyrir sig.

Vatnalíf

Í greinargerð Ljósleiðarans ehf. kemur fram að grugg og rask á botni vegna umferðar vinnuvéla og plægning strengsins í árbotn geti haft neikvæð áhrif á fiska, seiði og annað vatnalíf. Mikil gengd laxfiska sé í Þjórsá ásamt mikilvægum búsvæðum þeirra og Hólsá sé gjöfult silungasvæði. Báðar árnar séu miklar veiðiár sem ganga þarf um af nærgætni. Gönguseiði séu viðkvæmari en fiskur á leið úr sjó. Framkvæmdin komi ekki til með að fara fram á göngutíma seiða. Þar sem fyrirhugað er að þvera Þjórsá og Hólsá sé botninn aðallega sandur og fín möl. Slíkur botn sé ekki kjöraðstæður fyrir seiði sem vilji helst grýttan botn. Því sé talið líklegt að fá seiði séu á framkvæmdarstað og framkvæmdartíminn verður stuttur. Lítil hætta sé á mengun frá vinnuvélum vegna þess stutta tíma sem vinnuvélar verða í ánni og að störfum á svæðinu. Framkvæmdirnar séu taldar hafa óveruleg áhrif á vatnalíf og áhrif bundin við framkvæmdartíma, sem vari í einn dag í hvorri á fyrir sig.

Ásýnd

Í greinargerð Ljósleiðarans ehf. kemur fram að notast eigi við jarðýtu og gröfu við framkvæmdirnar. Stærstur hluti svæðisins sé leirur þar sem vatn og vindur komi til með að má út öll ummerki eftir vinnuvélar á stuttum tíma að framkvæmdum loknum, vegna þess hve fíngert botnsetið er þar sem plægja á strenginn. Framkvæmdirnar séu taldar hafa óveruleg áhrif á ásýnd svæðisins.

Í umsögnum sveitarfélaganna Flóahrepps, Rangárþings ytra og Rangárþings eystra kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við aðalskipulag sveitarfélaganna þriggja, Flóahrepps, Rangárþings ytra og Rangárþings eystra. Fyrirhuguð framkvæmd er áætluð nærri skilgreindri stofnlögn á aðalskipulagi sveitarfélaganna.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi frá sveitarstjórnnum á svæðinu, Flóahreppi, Rangárþingi ytra og Rangárþingi eystra skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Leyfi þarf frá Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 vegna framkvæmda sem getur haft áhrif á lífríki í ám og vötnum.

6 Niðurstaða

Um er að ræða lagningu ljósleiðarastrengs frá Þorlákshöfn í Landeyjasand yfir Þjórsá og Hólsá. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.16 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, mengunar eða ónæðis sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm



Þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar með tilliti til kjörlendis dýra sbr. 2. t. l. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Síðast en ekki síst ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. t. l. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrir liggur að fyrirhugaður strengur verður að mestu leiti lagður um svæði sem er ekki viðkvæmt fyrir raski og framkvæmdartími er stuttur. Skipulagsstofnun telur samt sem áður mikilvægt að þar sem vikið er frá vegi verði reynt að takmarka slóðagerð eins og hægt er til að draga úr raski. Að mati Skipulagsstofnunar verða helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðar framkvæmdar vegna rasks á botni áнна og áhrifa á dýralíf á svæðinu vegna ónæðis á meðan framkvæmdum stendur, en strengurinn liggur á viðkvæmu sellátra- og fuglasvæði og gegnd silungs og lax er einnig mikil í ánum. Ef framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafa þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins er það mat Skipulagsstofnunar að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið. Upplýsingar liggja ekki fyrir um fornleifar á öllu framkvæmdasvæðinu og leggur Skipulagsstofnun áherslu á að sú fornleifaskráning sem framkvæmdaraðili mun fara í á svæðinu verði unnin í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands og í samráði við stofnunina.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 12. apríl 2022.

Reykjavík, 11. mars 2022

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir